

Mál nr. 328/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Greiðslukortatrygging.

Gildissvið váttryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 14. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 31. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur M, dags. 31. október 2022.
4. Tölvupóstur V, dags. 3. nóvember 2022.

Málsatvik.

M keypti ferð til Bandaríkjanna í lok júlí 2022 en fyrirhugað var að ferðin yrði farin 21. september 2022. Hinn 12. september 2022 fékk M bakverk í kjölfar þess að hann kveðst hafa dottið á hjóli. M fór í meðferð hjá sjúkrahjálfa, til viðbótar við þá meðferð sem hann hafði reglulega verið í hjá sama sjúkrahjálfa og leitaði til sérfræðings í bæklunarlækningum. M var ráðið frá því að ferðast og hefur hann krafist bóta úr forfallatryggingu sinni hjá V. Í málinu liggur fyrir vottorð bæklunarlæknis dags. 15. september 2022 og vottorð sjúkrahjálfa dags. 12. október 2022.

M telur bótaskyldu fyrir hendi úr forfallatryggingu sinni og rekur atvik með þeim hætti í málskoti að nokkru áður en hann hafi átt að fara í ferð hafi hann fallið á hjóli og um viku seinna hafi hann fengið „hrottalegt tak í bakið“. M kveðst hafa leitað strax til sjúkrahjálfa síns til meðferðar og leitað til læknis þar sem hann hafi „...átt tíma hjá bæklunarlækni til eftirlits.“ M kveður lækninn hafa ráðlagt sér frá því að ferðast áður en ástæða meinsins væri fundin en síðan kom í ljós að M náði sér af þursabitinu án frekari inngríps, annars en sjúkrahjálfunar. M telur að ekki séu orsakatengsl milli þursabits hans og þeirrar meðferðar sem hann hafi verið í hjá sjúkrahjálfa þar sem það hafi verið vegna slits í baki en ekki sé sýnt að þursabitið hafi verið vegna þess. M vísar til þess að sú meðferð sem hann hafi verið í hjá sjúkrahjálfa hafi verið þannig fyrirbyggjandi til að koma í veg fyrir almenn óþægindi vegna slits í liðum en ekki meðferð vegna þursabits, enda hafi M ekki fengið slíkt síðust 30 árin.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til ákvæðis í váttryggingarskilmálum sem takmarkar bótaskyldu skv. gr. 7.1. og 7.1.1 í sömu skilmálum, þ.e. gr. 7.2.1 sem segir að félagið bæti ekki: „*Kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn váttryggði hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar eða meðferðar við, á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Með meðferð er meðal annars átt við hverskonar meðhöndlun sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem læknskómur, lyfjanotkun, endurhæfing, ráðgjöf, viðtöl, sérfræði, óhefðbundin lækningameðferð. Jafnframt eru undanþegin tjón sem stafa af því að váttryggður gengst undir meðferð em hann var á biðlista vegna þegar staðfestingargjald var greitt.*“ V vísar til þess að M hafi sjálfur lýst langvarandi bakveikindum sínum í samskiptum við félagið, sem og komi það fram í vottorði sjúkrahjálfa að M hafi verið í vikulegri meðferð hjá henni vegna slita í liðum. Þannig eigi umrætt ákvæði við aðstæður M og telur V að réttur hans til bóta sé því ekki fyrir hendi.

Álit.

Í málinu hverfist ágreiningur um gildissvið gr. 7.2.1 í váttryggingarskilmálum greiðslukortatryggingar M hjá V. Í gögnum málsins kemur fram að V hafi takmarkað bótaskyldu sína í forfallatryggingu þannig að hvers kyns veikindi, sem hinn váttryggði hefur þjáðst af og notið læknishjálpar eða meðferðar við á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds, falli utan þess sem bótagreiðslur forfallatryggingarinnar ná til.

Í vottorði sjúkrahjálfa dags. 12. október 2022 kemur fram að M hafi verið í vikulegri meðferð vegna slits í liðum eftir spengingu í mjólbaki sem M gekkst undir árið 2000 vegna liðsskriðs sem hófst upp úr tvítugu. Vottorðið byggir sjúkrahjálfa á áreiðanlegum upplýsingum í beiðnum frá læknum vegna þeirrar meðferðar sem M hefur verið í um nokkurra ára skeið. Regluleg meðferð M hafi falist í æfingum, nuddi, teygjum og stuttbylgjumeðferð. Í vottorðinu kemur einnig fram að meðferð við þursabiti M í september 2022 og læsingum í smáliðum var þannig að beitt var svokölluðum smábylgjum daglega auk þess að nálastungum var einu sinni beitt. Í vottorðinu kemur auk þess fram að erfitt sé að segja til um

tengsl þursabits við önnur veikindi M, en slit geti aukið líkur á slíku þó ekkert hafi komið fram um það síðustu ár hjá M.

Í umræddu vottorði og öðrum gögnum málsins kemur skýrt fram að M hafi verið í reglulegri meðferð vegna slits í baki þegar ferð hans var keypt og hluti þeirrar reglulegu meðferðar, stuttbylgjumeðferð, hafi verið beitt við því þursabiti sem hann fékk í september sl. Einnig verður ekki annað ráðið en að veikindi þau sem M var í reglulegri meðferð vegna hafi að einhverju leyti kallað á sömu meðferð og M hlaut eftir þursabitið. Þó lýst sé vafa um tengsl veikindanna í vottorði sjúkráþjálfara eru þau ekki útilokuð og verður því að telja að víðtækt orðalag gr. 7.2.1 nái yfir þær aðstæður sem uppi voru hjá M. Telst kostnaður hans vegna forfalla því ekki veita rétt til bóta úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 22. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir